

**Mál nr. 20/2018****M  
og****vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans A.****Ágreiningur um bótaskyldu. Starfsábyrgðartrygging.****Gögn.**

Málskot, móttakið dags. 13.1.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 30.1.2018.

**Málsatvik.**

M gerði kröfu í starfsábyrgðartryggingu A hjá V vegna galla er M taldi að hefðu komið fram víðsvegar á eigninni, bæði sameign og séreignum. Í júní 2016 aflaði M ástandsskýrslu um ástand húseignarinnar að Glitvöllum 2. Laut hún að nokkrum húshlutum, einkum ytra byrði hússins, s.s. bifreiðastæðum, svölum, þakkanti, flísam á tröppum auk nokkurra atriða innan húss. Með vísan til ástandsskýrslunnar var með bréfi, dags. 20. október 2017 krafist bóta af hálfu M úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V, vegna galla á húseigninni, óvandaðra vinnubragða og ólokinna verka. Lokaúttekt byggingarfulltrúa fór fram 21. október 2015 þar sem fram komu athugasemdir í 6 liðum.

V hefur hafnað kröfunni þar sem M byggi kröfu sína á ástandsskýrslu sem aflað var einhliða og án vitneskju V. Sönnunargildi slíkra gagna sé lítið sem ekkert, gegn andmælum þess er kröfunni er beint að, og hefur V mótmælt sönnunargildi skýrslunnar. Telur V skýrsluna eða önnur gögn ekki sýna fram á að skilyrði skaðabótakröfu gagnvart byggingarstjóra séu fyrir hendi.

Í athugasemdum V, dags. 30. janúar 2018, er fjallað um einstaka liði kröfugerðarinnar. Þar er þeim ýmist hafnað þar sem um ólokin verk sé að ræða eða ekki hafi verið færð fram röksemdir fyrir því í hverju saknæm háttsemi A hafi verið fölgin. Byggingarstjóratrygging sé ekki efndatrygging og sönnun á sök gagnvart öðrum þáttum hafi ekki verið færð fram.

Í málskoti hafnar M þessum röksemdum. Ekki sé hægt að fallast á þau rök að byggingarstjóratrygging nái ekki til ólokinna verka þar sem byggingarstjóri beri ábyrgð á að byggt sé í samræmi við samþykka uppdrætti, lög og reglugerðir og hafi yfirumsjón og efrilit með þeim byggingarframkvæmdum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar, sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum þannig að framkvæmdin sé tæknilega fullnægjandi. Ef byggingarstjóri, eða einver annar sem kemur að verkinu, klári ekki ákveðið verk, sem á að klára samkvæmt lögum eða samningi eða verkið er ekki unnið á fullnægjandi hátt, þá beri byggingarstjóri ábyrgð. Að öðrum kosti sé mjög auðvelt fyrir byggingarstjóra að koma sér undan ábyrgð með því einfaldlega að segja að verkið sé ólokið og að tryggingin nái ekki til óunninna verka. Þá telur M að fullnægjandi sönnun sé komin fram fyrir bótaskyldu í öðrum þáttum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirleggjandi gögnum, og hvernig til þeirra var aflað, er það mat nefndarinnar að, gegn mótmælum V, ekki hafi verið sýnt nægilega fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt vegna málsins. Ekki hefur því verið sýnt fram á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V og M á því ekki skaðabótakröfu á hendur V vegna vinnubragða A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson, hdl.

Jón Magnússon hrl.